

ROF-2016-01 Raufarhöfn á gullaldarárunum

Sótt var um styrk til að gera tólf söguskilti um Raufarhöfn ásamt því að vinna að vídeóverkum þeim tengdum. Skiltin verða í mánaðarröð og munu lýsa markverðum hlutum er gerðust á svæðinu í hverjum mánuði fyrir sig. Áætlað er að taka upp í vitanum í hverjum mánuði fyrir sig og tengja svo við skiltin. Þessum skiltum er ætlað að verða hluti af stærri sýningu ef vel tekst til. Þetta fellur vel að markmiðum verkefnis um að efla ásýnd bæjar og einnig er það atvinnuskapandi að hluta ásamt því að leggja grunn að stórrí sýningu sem virkilega gæti gert þorpið að skemmtilegum áfangastað.

Verkefninu var úthlutað kr. 1.500.000.- árið 2016.